

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. nóvember 2022

Mál nr. E-5408/2021:

A

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

gegn

B

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var 27. október 2022, er höfðað 15. nóvember 2021 af A, [...], gegn B, [...].
2. Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega* að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.620.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 17. september 2021 til greiðsludags, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga, en *til vara* að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt dráttarvöxtum frá 17. september 2021 til greiðsludags, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.
3. Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

4. Stefnandi og stefnda kynntust í [...] 2016 en hófu sambúð í byrjun árs 2017. Framan af bjuggu þau í húsnæði hjá foreldrum stefndu en síðar í húsnæði móður stefnanda og greiddu henni leigu. Sambúð aðila var [...] endanlega slitið í [...] 2020.
5. Óumdeilt er að 1. október 2019 millifærði stefnandi 2.800.000 krónur yfir á reikning stefndu. Ber aðilum saman um að þau hafi haft hug á því að kaupa saman fasteign en að skuldastaða stefndu hafi m.a. staðið því í vegi, tilgangurinn hafi því verið að greiða þær skuldir niður. Kveður stefnandi að um lán hafi verið að ræða en því mótmælir stefnda og kveður tilgang millifærslunnar hafa verið að komast í gegnum greiðslumat og jafna fjárhagslega stöðu á milli aðila, enda hefði stefnda staðið straum af megni sameiginlegra útgjalda aðila.
6. Af hálfu stefnanda var stefndu sent bréf, dags. 17. ágúst 2021, þar sem því var lýst að stefnandi hefði lánað stefndu 2.800.000 krónur og að teknu tilliti til innborgana að fjárhæð 180.000

krónur væri þess krafist að endurgreiddar væru 2.620.000 krónur. Í kjölfarið var mál þetta höfðað, eins og áður greinir.

7. Aðilar gáfu skýrslu fyrir dómi, auk vitnisins C, móður stefnanda, og verður vísað til þessa eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

8. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur stefndu á því að hann hafi lánað henni 2.800.000 krónur með millifærslu 1. október 2019 til þess að létta greiðslubyrði hennar og aðstoða hana fjárhagslega. Lánið hafi átt að endurgreiða eftir samkomulagi aðila.
9. Stefnda hafi einungis greitt fjórum sinnum inn á skuld sína við stefnanda. Fyrsta greiðslan hafi farið fram 28. febrúar 2020 með millifærslu að fjárhæð 120.000 krónur. Meirihluti greiðslunnar, eða 75.000 krónur, hafi verið fyrir hluta stefndu í leigu íbúðar en afgangurinn, 45.000 krónur, verið innborgun á skuld stefndu við stefnanda. Þetta fyrirkomulag hafi haldist næstu mánuði og hafi stefnda framkvæmt aðra slíka millifærslu 1. apríl 2020, þriðju millifærsluna 29. s.m. og þá fjórðu og síðustu 29. maí 2020. Síðan þá hafi stefnda ekki greitt inn á lánið og hún því endurgreitt stefnanda samtals 180.000 krónur. Skuld stefndu við stefnanda sé því 2.620.000 krónur.
10. Stefnda hafi ekki staðið við samkomulag um endurgreiðslu og ekki sýnt greiðsluvilja þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir og samningsumleitanir stefnanda. Eins og samskipti stefnanda og stefndu beri með sér hafi stefnandi ítrekað reynt að ná samkomulagi við stefndu um endurgreiðslu lánsins. Stefnandi hafi árangurslaust skorað á stefndu að endurgreiða lánið eða að leggja til greiðslufyrirkomulag, auk þess sem stefnandi hafi gert stefndu tilboð með skilmálum um hvernig ætti að endurgreiða lánið. Stefnda hafi ekki heldur brugðist við kröfubréfi, dags. 17. ágúst 2021, og sé stefnandi því nauðbeygður til þessarar málssóknar.
11. Krefjist stefnandi dráttarvaxta að liðnum mánuði frá því að nefnt innheimtubréf var sent stefndu.
12. Stefnandi byggir aðal- og varakröfu sína á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti styðji stefnandi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

13. Stefnda byggir í fyrsta lagi á því að rangt sé og ósannað að hún skuldi stefnanda fjármuni, en hvorki hafi verið gerður lánsamningur milli aðila né lánsloforð gefið. Óljóst sé um öll atvik

og mótmæli stefnda því alfarið að krafa stefnanda geti byggst á framlögðum meintum samskiptum milli þeirra á samskiptaforritinu Messenger. Stefnandi hafi haft fullan og ótakmarkaðan aðgang að samfélagsmiðlum stefndu meðan á sambandi þeirra stóð og í töluverðan tíma eftir að því lauk. Sjáist þetta m.a. af samskiptum við Heimilistæki ehf. vegna kaupa á ísskáp og þvottavél, en stefnandi hafi notað aðgang stefndu til að senda kvörtun á fyrirtækið en þó skrifað nafn sitt undir. Sé þetta aðeins eitt dæmi af mörgum. Framlögð samskipti á Messenger eða í smáskilaboðum hafi ekkert sönnunargildi, enda hafi stefnandi sjálfur skrifað hluta þeirra samskipta og/eða breytt þeim. Stefnda hafi ekki lengur aðgang að þessum samskiptum gegnum sinn aðgang þar sem stefndi hafi eytt þeim með því að nota hennar aðgang. Auðvelt sé að búa til samskipti sem þessi, hvort heldur sé með rafrænum hætti eða með myndvinnsluforriti.

14. Málsaðilar hafi átt að baki sambúð í um fjögur ár þegar upp úr slitnaði. Hafi fjárhagur þeirra blandast verulega á þeim tíma enda hafi þau búið saman og rekið heimili. Stefnda hafi staðið straum af velflestum útgjöldum heimilisins og verið fyrirvinna þeirra beggja mestallan tímann sem þau hafi verið saman. Hún hafi oft millifært fjármuni inn á bankareikning stefnanda á sambúðartímanum, en hann hafi verið meira og minna atvinnulaus og tekjulítill. Þrátt fyrir tekjur sínar hafi stefnda þurft að stofna til skulda, enda hafi framlag stefnanda til reksturs heimilis verið lítið en hann sjálfur stofnað til ýmissa útgjalda í nafni stefndu.
15. Aðdragandi óumdeildrar millifærslu undir lok sambúðartíma aðila hafi verið sá að þau hafi tekið ákvörðun um að kaupa fasteign saman. Skuldir sem hafi verið til staðar og lágar tekjur stefnanda hafi komið í veg fyrir það. Síðara vandamálið hefði tekið langan tíma að leysa þar sem sýna hefði þurft fram á nægar og stöðugar tekjur í um sex mánuði samfleytt til að standast greiðslumat. Hafi því aðeins komið til álita að fjármunir yrðu millifærðir frá bankareikningi stefnanda yfir á bankareikning stefndu til að hún gæti greitt þær skuldir sem stóðu jákvæðu greiðslumati í vegi. Í raun hafi þó verið um skuldir beggja að ræða. Þetta hafi aðilar gert og áform þeirra verið að losna við skuldir í eitt skipti fyrir öll. Um þetta hafi aðilar sammælt, en því sé mótmælt að um hafi verið að ræða lán stefnanda til stefndu sem beri að endurgreiða. Stefnda hafi verið í góðri trú um að um endanlega greiðslu væri að ræða, enda hefði enginn fyrirvari verið settur fram af hálfu stefnanda og hann enga tilraun gert til þess að krefja stefndu um fjárhæðina fyrr en tveimur árum eftir að greiðslan var innt af hendi. Megi því ekki ætla annað en að huglæg afstaða stefnanda hafi einnig verið sú að greiðslan væri endanleg.
16. Stefnda hafi á sambúðartímanum millifært um 2.500.000 krónur á bankareikning stefnanda á sambúðartíma þeirra, en að auki hafi hún látið hann fá um 500.000 krónur í peningum. Séu þá ótalin ýmis útgjöld sem stefnda hafi staðið straum af, þ. á m. kaup á ýmsum heimilismunum, s.s. fartölvu stefnanda, tölvuleikjaskrifborð sem stefnandi hafi pantað sér á raðgreiðslum á kort stefndu, farsíma o.fl., sbr. raðgreiðslusamning upp á um 400.000 krónur. Einnig megi telja sófa sem sé í vörslu stefnanda, sem hafi kostað rúmar 70.000 krónur, sem stefnda hafi greitt. Allir

Þessi munir, að verðmæti næstum 1.000.000 króna, séu enn í vörslu stefnanda og hann líti á þá sem sína eign, en stefnda hafi aðeins getað tekið með sér persónulega muni þegar hún yfirgaf heimilið. Auk þess hafi stefnda alfarið greitt kostnað við síma og net á sambúðartíma aðila, hátt í 500.000 krónur. Séu þá ótalin útgjöld vegna ferðalaga sem stefnda hafi staðið straum af.

17. Um hafi verið að ræða millifærslu á fjármunum sem með réttu hafi verið eign beggja sambúðaraðila þótt fjármunir virðist hafa safnast upp á reikningi stefnanda. Hafi stefnda aldrei fengið að vita neitt um stöðu á bankareikningum stefnanda heldur hafi hann með reglulegu millibili sagst ekki eiga fyrir útgjöldum og óskað eftir fjármunum frá stefndu. Engin gögn styðji það að aðilar hafi ákveðið að stefnandi myndi „lána“ stefndu fjármuni í hans persónulegu eigu. Millifærslan hafi verið aðgerð sem aðilar málsins hafi tekið ákvörðun um sameiginlega í þeim tilgangi að komast í gegnum greiðslumat til að geta keypt sér saman fasteign. Hefðu aðilar keypt þá fasteign saman hefðu þau verið skráðir eigendur hennar til helminga og hefði aldrei komið til álita að stefnda endurgreiðdi fjármunina.
18. Stefnda skuldi stefnanda ekki neitt. Fjárhagur sambúðarfólks á sambúðartíma blandist óhjákvæmilega. Eins og áður greini hafi aðilar verið í sambúð í um fjögur ár og rekið saman heimili, þótt réttara sé að segja að stefnda hafi rekið heimilið. Þau hafi bæði átt þá fjármuni sem hér sé um að tefla og sé ómögulegt að greina hvort þeirra átti hvað og hve mikið af fjármunum þeirra. Stefndandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi átt alla fjármunina einn og stefnda að engu leyti. Breyti engu þótt fjármunirnir hafi verið á bankareikningi stefnanda. Stefndu teljist til að hún hafi varið fimm til sex milljónum í matarinnkaup og annan rekstur heimilis, samhliða því að millifæra reglulega fjármuni til stefnda. Hefði stefndandi átt fjármunina einn og haft burði til að kaupa fasteign einn hefði ekkert staðið því í vegi að hann keypti fasteignina einn. Það virðist aldrei hafa komið til álita heldur einungis að aðilar keyptu fasteignina saman. Styrki það enn frekar þá afstöðu stefndu að þeir fjármunir sem aðilar hafi haft úr að spila hafi verið sameiginlegir fjármunir þeirra en ekki einkaeign stefnanda.
19. Stefndandi hafi ekki krafist stefndu um endurgreiðslu og kallað millifærsluna „fjárveitingu“ fyrr en upp úr sambandi þeirra hafi slitnað. Styðji ekkert í gögnum málsins þá fullyrðingu stefnanda að um lán hafi verið að ræða og hafi stefnda aldrei viðurkennt það. Þvert á móti sýni samskipti aðila að stefnda hafi krafist stefnanda um sönnun fyrir því.
20. Stefnda byggi á því að krafa stefnanda sé í raun krafa um nokkurs konar fjárskipti milli þeirra. Ekkert fjárhagslegt uppgjör hafi farið fram milli aðila í kjölfar sambúðarslita, eins og rétt hefði verið. Stefnda hafi ekki treyst sér til að taka slag við stefnanda um fjárskipti milli þeirra en hvor aðili hefði þó getað krafist opinberra skipta milli þeirra, sbr. 100. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, enda sé óumdeilt að aðilar hafi búið saman í lengri tíma en þau tvö ár sem lögin mæli fyrir um. Í stað þess að stefndandi höfðaði mál til endurgreiðslu fjármuna sem millifærðir voru af bankareikningi hans yfir á bankareikning stefndu hefði verið réttara að láta fara fram fjárskipti á framangreindum grundvelli. Ella geti ekki fengist rétt mynd af því

hvort krafan sé réttmæt, enda verði að taka inn í slíka mynd að um blandaðan fjárhag hafi verið að ræða milli sambúðaraðila. Sé ómögulegt að taka til greina kröfu stefnanda um að annar aðilinn endurgreiði hinum fjármuni samkvæmt einni millifærslu, enda sé ósannað að þeir fjármunir hafi tilheyrt hinum aðilanum einum. Verði ekki gengið út frá því að stefnandi hafi einn átt umrædda fjármuni og að um lán hans til sambýliskonu sinnar til fjögurra ára hafi verið að ræða og sé algerlega ósannað að stefnandi eigi kröfu á stefndu miðað við atvik málsins og gögn þess. Stefnandi verði að bera hallann af því að reka málið á þeim forsendum og í þeim búningi sem hann kjósi með málsókn þessari. Hafni stefnda því alfarið að lánsloforð hafi verið gefið eða að stofnast hafi endurgreiðsluskylda hennar og krefjist hún sýknu.

21. Verði ekki fallist á sýknu af framangreindum ástæðum sé byggt á því að um gjöf hafi verið að ræða, þ.e. afhendingu fjármuna án þess að stefnandi hafi ætlast til sérstaks endurgjalds úr hendi stefndu. Fjármunirnir hafi verið afhentir án skilyrðis um endurgreiðslu þeirra og hafi krafa um endurgreiðslu ekki verið höfð uppi fyrr en eftir að aðilar slitu samvistir. Verði því að líta svo á að stefnandi hafi gefið stefndu umrædda fjármuni og sé það ekki óvenjuleg ráðstöfun í langtímasambandi að teknu tilliti til fjárhagslegra ráðstafana aðila að öðru leyti. Hafi aðilar haft sameiginlega hagsmuni af þeirri ráðstöfun í þeim tilgangi að kaupa fasteign, en stefnandi hafi verið með það lágar tekjur að hann hefði ekki komist í gegnum greiðslumat.
22. Verði samningur talinn hafa komist á með einhverjum hætti um lán og endurgreiðslu þess og að ekki hafi verið um gjöf að ræða byggi stefnda á því að ósanngjarnt sé af stefnanda, í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, að krefja hana um greiðslu á grundvelli slíks samnings. Samkvæmt 2. mgr. lagaákvæðisins þurfi við mat á sanngirni að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komi til.
23. Varðandi efni hins meinta samnings verði ekki litið fram hjá þeim áformum að baki millifærslunni að aðilar ætluðu að kaupa sér fasteign. Á þessum tímapunkti í sambandi aðila hafi verulegt ójafnræði verið milli þeirra hvað varðaði fjárhagslega stöðu. Stefnda, sem hafi verið skuldlaus í upphafi sambúðartíma aðila, hafi stofnað til skulda, en stefnandi virðist hafa lagt fyrir fjármuni. Aðilar hafi ákveðið á þessum tímapunkti að kaupa fasteign og þau áform hafi rekið þau til þess að millifæra fjármuni sín á milli gagnvart þeim banka sem þau höfðu áform um að fjármagnaði fasteignakaupin. Sú millifærsla leiði ekki til þess að skuld hafi stofnast við stefnanda. Slíkt væri afar ósanngjarnt. Staða aðila á þeim tímapunkti sem um ræði hafi einfaldlega verið með þeim hætti. Hefði millifærslan ekki átt sér stað verði að telja líklegt að stefnda hefði farið fram á opinber fjárskipti, enda hefði hún ekki gengið út úr sambandinu í þeirri stöðu að hún væri skráð fyrir skuldum aðila en stefnandi geymdi sparnað þeirra á sínum bankareikningi. Því væri verulega ósanngjarnt í öllu tilliti, einkum m.t.t. stöðu aðila á þessum tímapunkti, að gera stefndu að endurgreiða stefnanda fjármunina.

24. Ítrekað sé að enginn samningur hafi verið gerður milli aðila og því liggi ekkert fyrir um efni hans, t.d. hvort og þá hvenær stefnda hafi átt að endurgreiða meint lán. Afar ósanngjarnt væri að líta svo á að stefnda ætti að endurgreiða stefnanda alla fjármunina, en hún þyrfti að stofna til samsvarandi skuldar til þess að gera það. Yrðu það þá í raun fjárskipti aðila sem væri verulega ósanngjarnt eins og þetta mál liggi fyrir. Þá beri að líta til atvika við hina meintu samningagerð, sem séu þó mjög óljós. Aðilar höfðu verið í sambúð í um fjögur ár, fjárhagur þeirra hafi blandast verulega, stefnda annast vel flest útgjöld heimilisins og verið aðalfyrirvinna þeirra mest allan tímann. Stefnandi hafi meira og minna verið atvinnulaus og tekjulítill. Þrátt fyrir tekjur sínar hafi stefnda þurft að stofna til skulda.
25. Verði litið svo á að um lán hafi verið að ræða verði jafnframt að líta til stöðu aðila þegar metið sé hvort sanngjarnt sé að stefnda endurgreiði stefnanda þá fjármuni sem millifærðir hafi verið á nefndu tímamarki. Stefnanda hafi búið í ofbeldissambandi, staðið straum af flestum útgjöldum aðila og enga yfirsýn haft yfir fjármál stefnanda, enda hafi hann haldið þeim leyndum fyrir henni. Hún hafi ekki gert sér neina grein fyrir því ójafnvægi sem myndast hefði í sambandinu hvað fjármál varðaði. Verði litið svo á að með einhverjum hætti hafi stofnast til lánsloforðs byggi stefnda á því að í ljósi allra upplýsinga um stöðu aðila sé ósanngjarnt að gera henni að endurgreiða fjármunina á grundvelli slíks lánsloforðs í máli þar sem stefnandi krefji stefndu um endurgreiðslu fjármuna á grundvelli einnar millifærslu milli aðila þegar ljóst sé að fjármunir hafi verið millifærðir fram og til baka milli aðila. Ljóst megi vera að umdeildir fjármunir hafi í raun réttu tilheyrð báðum aðilum en ekki stefnanda einum. Verði litið svo á að lánsloforð hafi stofnast hafi það ekki verið sanngjarnt og sé ósanngjarnt að ætla stefndu að endurgreiða stefnanda fjármunina en sitja uppi sjálf með skuldir vegna sambandsins, auk þess sem öll búslóð aðila, sem stefnda hafi greitt fyrir, sé í vörslu stefnanda. Samrýmist það ekki meginreglunni um að við slit á óvígðri sambúð teljist hvor aðili um sig eiga þau verðmæti sem hann komi með inn í búíð og að hver sú eign sem hvor sambúðaraðili kaupir fyrir sína fjármuni á sambúðartímanum skuli vera eign viðkomandi. Þá séu rúm tvö ár liðin frá því að aðilar slitu samvistir og verði að líta svo á að þau hafi í raun verið ásátt um að miða fjárskipti sín við stöðuna eins og hún hafi verið á sínum tíma. Eftir samvistarslitin hafi stefnda flutt aftur heim í foreldrahús með dóttur sinni og búi þar enn. Hún hafi hóflegar tekjur sem dugi til framfærslu hennar og dóttur hennar þar sem hún búi. Það myndi reynast henni verulega íþyngjandi að þurfa að greiða fyrrum sambýlismanni sínum dómkröfuna.
26. Stefnanda byggi á því að sú meinta krafa sem stefnandi telji sig eiga sé fallin niður fyrir tómlæti, hafi hún einhvern tíma verið fyrir hendi. Kröfuhafi sem telji að lán hafi stofnast geti ekki látið reka á reiðanum með að innheimta meinta skuld sína. Tvö ár hafi liðið frá því að hin meinta lánveiting átti sér stað án innheimtutilrauna, en lögmaður stefnanda hafi sent kröfubréf haustið 2021 og stefnt inn málinu nokkru síðar. Hafi stefnandi talið sig eiga kröfu á hendur stefndu

hafi honum borið að halda þeirri kröfu til haga eins fljótt og verða mátti eftir samvistaslit aðila. Það hafi hann ekki gert og verði að líta svo á að meint krafa sé fallin niður fyrir tómlæti.

27. Verði talinn grundvöllur til að samþykkja kröfu stefnanda á einhverjum forsendum telji stefnda ljóst að stefnandi hafi skuldað henni með samsvarandi hætti þá fjármuni sem hún hafi millifært á hann á sambandstímanum, en um töluverða fjármuni hafi verið að ræða auk þess sem stefnda hafi afhent stefnanda reiðufé. Sé gerð gagnkrafa til skuldajafnaðar sem leiði til sýknu og vísað til viðeigandi gagna þar um. Verði talið að gagnkröfur stefndu séu fyrndar sé sömuleiðis vísað til sjónarmiða varðandi 36. gr. samningalaga. Ósanngjarnt væri að gera stefndu að endurgreiða stefnanda kröfu sem væri ófyrnd eingöngu vegna þess að hún var millifærð í lok sambúðartíma þeirra væru sambærilegar kröfur stefndu vegna millifærslna taldar fyrndar.
28. Verði krafa stefnanda að einhverju leyti tekin til greina sé krafist stórkostlegrar lækkunar á henni með vísan til framangreindra sjónarmiða. Einkum að krafa stefnanda liggja ekki ljós fyrir, stefnda hafi millifært umtalsverða fjármuni til stefnda, greitt mun meira en hann í sameiginleg útgjöld, auk þess sem búslóð aðila sé í vörslu stefnanda. Einnig sé vísað til sjónarmiða um skuldajöfnun hvað þetta varði á móti öllum útgjöldum.
29. Kröfu um vexti á dómkröfuna sé mótmælt og um lagarök sé vísað til almennra reglna samninga- og kröfuréttarins, til meginreglna um tómlæti, til laga nr. 7/1936, til meginreglna sambúðarréttarins og til 100. gr. laga nr. 20/1991. Um skuldajöfnuð sé vísað til 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

30. Mál þetta er af hálfu stefnanda rekið sem almennt skuldamál þótt millifærsla sú sem deilt er um hafi farið fram á meðan á nokkurra ára sambúð aðila stóð. Eins og staðfest hefur verið í dómaframkvæmd, sbr. hér t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 76/2006, eru stefnanda, sem byggir á því að um lán hafi verið að ræða, færar hefðbundnar leiðir til sönnunar fyrir kröfu sinni í tilvikum sem þessum. Varnir stefndu eru að miklu leyti því marki brenndar að aðilar voru í sambúð og hefur þetta leitt til framlagningar gagna af hálfu beggja aðila sem fremur ættu heima í máli til fjárslita þeirra á milli en í almennu einkamáli, enda er í slíku máli ekki tekið á atriðum varðandi fjárslit sambúðaraðila, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 67/2012. Í þessu sambandi skal nefnt að þótt hvor aðila um sig geti vissulega farið fram á fjárslit samkvæmt lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. er það stefnandi sem hefur ákveðið að sækja rétt sinn og verður hann að bera ábyrgð á því á hvaða grundvelli hann gerir það og færa fram sönnur fyrir því að sá réttur sé fyrir hendi. Einnig er rétt að taka fram að þótt ekki sé um fjárslitamál að ræða getur verið óhjákvæmilegt að líta til þeirra aðstæðna sem uppi eru í málinu við mat á sönnun, rétt eins og í skuldamálum endranær.

31. Í máli þessu liggur hvorki fyrir lánssamningur milli aðila né önnur sambærileg gögn til stuðnings kröfu stefnanda. Aðilar gáfu skýrslu fyrir dómi en hafa augljósa hagsmuni af niðurstöðu málsins og hefur skýrslugjöf þeirra því einkum áhrif að því marki sem þau viðurkenna atvik sem eru þeim óhagstæð, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá gaf móðir stefnanda vitnaskýrslu, en sönnunargildi hennar er takmarkað þegar litið er til tengsla hennar við aðila, sbr. 59. gr. sömu laga. Reiðir stefnandi sig í mestu á þau gögn sem hann hefur lagt fram um samskipti aðila á milli, en stefnda mótmælir sönnunargildi þeirra gagna í öllu.
32. Máli sínu til stuðnings hefur stefnandi lagt fram útprentun á 45 ótölusettum blaðsíðum af mestmegnis ódagsettum samskiptum aðila á samskiptaforritinu Messenger, sem stefnda kveðst ekki kannast við. Gegnumgangandi í samtalinu er að stefnda sé skuldug og vísar stefnandi til þess að geta hjálpað stefnanda og aðstoðað og að þau takist á við þetta saman. Þar sem stefnandi vísar til skuldar stefndu og greiðslu er óljóst um hvað er að ræða, hvort það er við stefnanda eða einhvern annan eða hvaða fjárhæðir geti verið um að ræða. Í upphafi framlagðra samskipta spyr stefnda t.d. “Fyrir allt sem eg skulda þer?” og neðar spyr stefnda hvort hún eigi að borga stefnanda fyrir dekkinn eða pabba hans. Á öðrum stað, þegar stefnandi vísar til þess að stefnda sé í skuld, svarar hún því til að hún sé að enda við að borga það, eigi ekkert mikið eftir og sé að safna. Á enn öðrum stað stað býður stefnandi að hann geti borgað með stefndu og hún borgað honum og þá spyr hún á móti hvort það væri eitthvað skárra að skulda honum og síðar að hún vilji að hann safni bara sínum pening, hún hafi byrjað þetta og þurfi að enda þetta ein. Enn síðar segir hún að hún vilji ekki tala um þetta lengur. Eftir ítrekaðar fyrirspurnir stefnanda um skuldastöðu hennar ritar stefnda „Er 2.8 eftir..“ og annars staðar má ráða að hún sé í samskiptum um skuldir við Netgíró, Framtíðina og Aktiva. Enn síðar, en ekki í beinu framhaldi, lýtur samtalið að mögulegum fasteignakaupum og hefst það með því að stefnandi vísar til þess að hafa lánað stefndu allt sem hann hafi safnað síðustu fimm árin en síðan að þessi þriggja milljóna skuld hjá stefndu „setji þau rosalega til baka“. Stefnda svarar því að þau geti keypt þótt hún skuldi honum. Enn síðar stingur stefnandi upp á að borga saman af raðgreiðslu stefndu sem hún svarar sem svo að það væri hægt en þá væri hún alltaf að skulda honum meira og meira. Í síðustu samskiptum á framlögðu dóm skjali spyr stefnda hvort stefnandi vilji þá að hún borgi honum ekki neitt í þeim mánuði, hann spyr um peningastöðu hennar, hún svarar en spyr hvernig hann vilji hafa þetta með skuldina og það og hann svarar stuttu síðar að hann væri til í hjálp með leiguna í þessum mánuði a.m.k. Stefnda svarar að hún sé að leyfa honum að ráða, ef hann á engan pening þá sé það ekkert mál. Hann svarar þá „já a.m.k. þennan mánuð, veit ekki með hina“. Svo spyr hann „En með skuldina. viltu setja það á pásu a meðan þu borgar mönnum þinni og pabba og fyrir aðgerðina?“ Þessi síðustu samskipti voru því um leigugreiðslu og ótilgreinda skuld. Þá ber dóm skjalið með sér að um handvalin samskipti er að ræða, en á fimm stöðum í skjalinu sést að leitað hefur verið að efnisorðinu „skuld“. Skjalið gefur þannig ekki heildarmynd af samskiptum aðila.

33. Stefnandi hefur einnig lagt fram útprentun á 20 ótölusettum blaðsíðum af samskiptum aðila í gegnum smáskilaboð sem munu hafa farið fram á tímabilinu 6. ágúst til 14. september 2020, eftir að aðilar slitu samvistum. Stefnandi spyr m.a. „En hvað með skuldina . Og með siman?“ og stefnda svarar „Hvað með það?“ en þegar stefnandi heldur áfram og spyr „Hvernig viltu fara að því“ svarar stefnda því til að þau séu búin að ræða alla þessa hluti og spyr um ástæðu þess að það þurfi að gera það aftur og aftur, og svörum stefnanda sem lúta að síma og skuld svarar stefnda „Alveg sama hvað þú gerir með þennan sima erum búin að tala oft um það en okay whatever.“ Svör stefndu lúta þannig að síma en ekki meintri skuld. Þegar stefnandi ritar „Reyndu nú að skilja að ég er að gera þetta í góðu og vill haf þetta neutral.. þú skuldar mér ennþá,“ svarar stefnda „Er alveg að skilja það þú sagðist vera með einhver gögn um að ég skulda þér eitthvað samt viltu ekki senda það“ og í framhaldinu fer stefnda ítrekað fram á sönnunargögn frá stefnanda. Ekki er hægt að skilja þessi samskipti á þá vegu að í þeim felist viðurkenning stefndu á að hún skuldi stefnanda fjármuni þrátt fyrir ítrekaðar tilvísanir stefnanda til þess að um skuld sé að ræða. Sama er að segja um tölvupóst stefnanda til stefndu frá 15. september 2020 þar sem hann spyr hvort aðilar ætli að semja um pening sem stefnda skuldi honum eða hvort hún ætli að neyða sig til að „taka harðari aðgerðir“, enda liggja engin svör við þessum pósti fyrir í málinu. Eru þessi samskipti þannig öll því marki brennd að stefnandi heldur einhliða fram skuld stefndu við sig en hún ýmist svarar því í engu, svarar öðru eða fer fram á gögn meintri skuld til stuðnings.
34. Stefnandi hefur enn fremur lagt fram skjáskot af ódagsettum samskiptum sem hann heldur fram að séu milli aðila. Hefjast þau á því að stefnandi skrifar „2931000“ og stefnda skrifar „Hvað var dagsetningin á þessu?“ sem stefnandi svarar „7 Mars. Bílabankinn.“ Stefnda skrifar svo „En ég borgaði 500 þúsund hann kláraði ekki 793 kr“ en stefnandi skrifar „ég borgaði 103þús í honum“. Því svarar stefnda „Okaaay útaf þú sagðir 293“ og stefnandi svarar þá „Ja það er total. 2.931.000“ og stefnda spyr „Sem ég skulda þér ennþá?“ Stefnandi svarar þá „Já ef ég bæti bílnum á.“ og stefnda skrifar þá „Okay“ og þar enda framlögð samskipti. Liggur þannig ekki fyrir hvenær meint samskipti fóru fram eða hvort eitthvað og þá hvað hefur síðar fram farið milli aðila.
35. Að mati dómsins eru framangreind gögn öll, sem stefnandi hefur vísað til um kröfu sína, ekki haldbær um að hún hafi stofnast með þeim hætti sem stefnandi lýsir. Þótt hægt sé að skilja einhver samskipti aðila sem framlögð eru af stefnanda á þann máta að þau geti rennt stoðum undir fullyrðingu hans um að stefnda hafi á einhverjum tíma skuldað honum peninga eða geri enn er ekki hægt að draga afdráttarlausar ályktanir af þessum samskiptum um að stefnandi hafi veitt sambúðarmaka sínum, stefndu, lán, hverrar fjárhæðar það hafi þá verið eða með hvaða skilmálum, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 378/2012. Er ekki heldur hægt að draga þá ályktun af þeim að stefnda hafi gengist við skuld að þeirri fjárhæð sem stefnandi stefnir henni til greiðslu á eða gefið loforð um endurgreiðslu. Gegn eindregnum mótmælum

stefndu og að framangreindu virtu verður ekki litið svo á að framlögð samskipti séu til sönnunar um að millifærsla sú sem deilt er um í málinu hafi verið lán stefnanda til stefndu sem henni beri að endurgreiða.

36. Hefur ekki áhrif á framangreinda niðurstöðu hvort átt hefur verið við gögnin, eins og stefnda heldur fram, eða sú áskorun stefnanda til stefndu að leggja fram gögn um fölsun samskipta og sem sýni fram á að stefnda hafi ekki lengur aðgang að samskiptum aðila eða hafi í það minnsta reynt að endurheimta þau.

37. Verður þá litið til annarra gagna málsins og atvika. Vegna fjárhæðarinnar sker hin umdeilda millifærsla sig frá öðrum millifærslum sem upplýsingar liggja fyrir um í málinu. Atvik málsins skilja sig þó verulega frá atvikum í dómi Hæstaréttar nr. 185/1999, sem vísað er til af hálfu stefnanda, að því leyti að hér er um að ræða aðila sem voru í sambúð. Miðað við gögn málsins hlaupa uppsafnaðar millifærslur aðila hvors til annars á sambúðartíma þeirra þannig líka á milljónum. Engin skýring er tilgreind í kvittun vegna hinnar umdeildu millifærslu, ekki frekar en í neinum af þeim öðru mýmörgu kvittunum vegna millifærslna sem aðilar hafa lagt fram í málinu. Engin gögn liggja fyrir um skilmála meints láns, en án þeirra og gegn andmælum stefndu er haldlaus tilvísun stefnanda til nokkurra millifærslna stefndu til stefnanda að fjárhæð 120.000 krónur sem hann heldur fram að allar hafi að hluta til átt að vera til endurgreiðslu lánsins. Þá stóð það stefnanda næst að tryggja sér sönnun fyrir því að um lán væri að ræða en það gerði hann ekki með neinum hætti, t.d. með því að skrifa skýringu við millifærsluna. Því var mótmælt af hálfu stefnanda við aðalmeðferð málsins að fjárhagur aðila hefði blandast í sambúð þeirra, en ef það var raunin var enn frekar tilefni fyrir hann til að tryggja sér slíka sönnun, sbr. áðurgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 378/2012. Verður því ekki annað ráðið en að aðilar hafi í sameiningu ákveðið að verja fjármunum á bankareikningi stefnanda, hvernig svo sem þeirra var aflað, til greiðslu skulda í nafni stefndu, af hvaða sökum sem til þeirra var stofnað eða í hvers þágu. Breytir engu í þessum efnum áskorun stefnanda til stefndu um að leggja fram gögn til að varpa ljósi á fjárhagsstöðu hennar og um að hún hafi lagt fram meira fé í bú aðila en stefnandi eða haft til þess fjárhagslega burði, en stefnandi staðfesti fyrir dómi að stefnda hefði verið mun tekjuhærri en hann á hluta sambúðartímans. Framangreind ráðstöfun var til þess gerð að aðilar gætu fjárfest saman í fasteign þótt það hafi ekki gengið eftir, en stefnandi hefur í stefnu málsins ekki borið fyrir sig brostnar forsendur, sbr. hér til hliðsjónar enn fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 378/2012.

38. Að öllu framansögðu og atvikum málsins og aðstæðum virtum er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi í máli þessu, sem rekið er sem almennt skuldamál þótt um fyrrum sambúðarmaka sé að ræða, ekki lánast sönnun fyrir því að hann hafi lánað stefndu þá fjármuni sem hann krefst og að hún sé skuldbundin til að endurgreiða honum þá, en á því hvílir málatalibúnaður hans. Verður stefnda því sýknuð af kröfum stefnanda.

39. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem þykir, að teknu tilliti til umfangs málsins, hæfilega ákveðinn 1.250.000 krónur, með virðisaukaskatti.
40. Af hálfu stefnanda flutti málið Ómar R. Valdimarsson lögmaður og af hálfu stefndu Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður.
41. Nanna Magnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, B, er sýknuð af kröfum stefnanda, A.

Stefnandi greiði stefndu 1.250.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Nanna Magnadóttir